

Febrúar 2020



Eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki

Nær til þeirra fjármálafyrirtækja sem
Bankasýsla ríkisins hefur umsjón með

Stjórnarráð Íslands

Fjármála- og efnahagsráðuneytið



Útgefandi:

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Febrúar 2020

fjr@fjr.is

fjarmalaraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla:

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

©2020 Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1 Markmið ríkisins um eignarhald í fjármálafyrirtækjum	6
1.1 Markmið ríkisins sem eigandi.....	6
1.2 Markmið um sölu og eignarhald til framtíðar.....	7
1.3 Markmið varðandi einstök félög.....	8
2 Skipulag eigandahlutverksins	10
2.1 Alþingi.....	10
2.2 Fjármála- og efnahagsráðuneytið.....	10
2.3 Bankasýsla ríkisins	11
2.4 Valnefnd í stjórnir fjármálafyrirtækja	12
2.5 Stjórnir og bankaráð.....	12
2.6 Seðlabanki Íslands.....	12
3 Meginreglur eigandastefnu	14
4 Stjórnarhættir, kröfur og árangursviðmið	15
4.1 Stjórn og skipulag.....	15
4.2 Stjórnarhættir	15
4.3 Stefnumótun og framtíðarsýn.....	16
4.4 Rekstur félags.....	16
4.5 Starfshættir og vinnulag.....	16
4.6 Upplýsingagjöf, árangursmælingar og samskipti við fulltrúa eiganda	17

Inngangur

Eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki nær til þeirra fjármálafyrirtækja sem Bankasýsla ríkisins hefur umsjón með. Hún er sett á grundvelli ákvæðis 44. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, og ákvæðis 1. gr. laga nr. 88/2009, um Bankasýslu ríkisins. Þegar eigandastefna um fjármálafyrirtæki var sett árið 2009 var hún fyrsta eigandastefna stjórnvalda vegna félaga í eigu ríkisins.

Árið 2012 var gefin út almenn eigandastefna ríkisins sem ætlað er að gildi almennt um hlutafélög og sameignarfélög í eigu ríkisins. Í kjarna beggja þessara stefna felst að félög í eigu ríkisins séu rekin á faglegan og gagnsæjan hátt þannig að almennt traust ríki um stjórn og starfsemi þeirra. Grundvöllur eigandahlutverks ríkisins byggist á viðurkenndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti fyrirtækja og þá sérstaklega leiðbeiningum OECD um stjórnarhætti fyrirtækja í opinberri eigu¹, auk almennra viðmiða um hlutverk og skyldur eiganda. Áhersla er lögð á reglubundin samskipti og upplýsingagjöf milli eiganda og félags um rekstur og stefnumörkun félagsins, sem verður þó að byggjast á skýrum ábyrgðarskilum milli eiganda, stjórnar og stjórnenda. Eðlilegt má telja að horft sé á þessar stefnur í samhengi en í þeim tilfellum sem upp kann að koma misræmi milli þeirra gilda ákvæði eigandastefnu fyrir fjármálafyrirtæki fyrir þau fyrirtæki sem Bankasýsla ríkisins hefur umsjón með.

Fram kemur í eigandastefnu ríkisins um fjármálafyrirtæki að gert er ráð fyrir að hún sæti reglulegri endurskoðun og verði uppfærð með hliðsjón af þróun fjármálamarkaðar og eignarhalds ríkisins. Frá því að eigandastefnan var fyrst sett hafa verulegar breytingar orðið á lagaumhverfi fjármálafyrirtækja, eftirliti með rekstri þeirra og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Einnig hafa orðið miklar breytingar á rekstrar- og efnahagsumhverfi þeirra.

Veruleg breyting varð á aðkomu ríkissjóðs að viðskiptabönkum og sparisjóðum eftir hrun fjármálakerfisins haustið 2008 og hefur eignarhald ríkisins á fyrirtækjum á fjármálamarkaði tekið frekari breytingum eftir það. Hér má nefna að þeim sparisjóðum sem voru í eigu ríkisins hefur fækkað verulega með kaupum eða yfirtöku annarra fjármálafyrirtækja og íslenska ríkið hefur nú eignast öll hlutabréf í Íslandsbanka. Við það skapast, a.m.k. tímabundið, aðstæður þar sem nánast öll hlutabréf í tveimur af þremur stærstu bönkum landsins, Landsbankanum hf. og Íslandsbanka hf., eru í eigu ríkisins. Af þessu tilefni var gerð sátt við Samkeppniseftirlitið til að stuðla að virkri samkeppni á fjármálamarkaði sem og að fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins séu rekin sem sjálfstæðir samkeppnisaðilar.

Þá hafa fjármálafyrirtæki sérstöðu í efnahagslífi þjóðarinnar og gegna mikilvægu kerfislegu hlutverki sem ein af grunnstöðum samfélagsins. Afar mikilvægt er því að vel sé haldið um eignarhald í fjármálafyrirtækjum og hefur

¹ Nánar tiltekið: OECD Guidelines on Corporate Governance of State-Owned Enterprises og Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland, Samtökum atvinnulífsins.

löggjafinn á seinni árum gert strangar kröfur til hæfis þeirra sem fara með ráðandi hluti í slíkum fyrirtækjum.

Eigandastefna þessi er sú þriðja í röðinni frá því að hún var fyrst gefin út 2009. Stefnan var endurskoðuð í júlí 2017. Í tengslum við áform um að hefja sölumeðferð á hlutum ríkisins í Íslandsbanka var ákveðið að endurskoða kafla 1.3 um markmið gagnvart einstökum félögum. Að öðru leyti er eigandastefnan efnislega óbreytt frá síðustu útgáfu.

Stefnan tekur mið af sérstöðu fjármálafyrirtækja í samanburði við önnur fyrirtæki í eigu ríkisins bæði hvað varðar skipulag eignarhaldsins innan ríkisins, markmiðum ríkisins með eignarhaldinu og framtíðarsýn, en stefnan byggist einnig á viðmiðum sem fram koma í fyrrgreindri almennri eigandastefnu ríkisins.

Eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki skiptist í fjóra kafla:

1. Markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum.
2. Skipulag eigandahlutverksins innan ríkisins, þ.e. ábyrgð hvers aðila og tengsl milli þeirra.
3. Meginreglur sem ríkið setur sér sem eigandi.
4. Kröfur og viðmið í rekstri fjármálafyrirtækja sem ríkið á hlut í.

Mikilvægt er að eigandastefna ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki á hverjum tíma sé aðgengileg almenningi og kynnt einstökum fyrirtækjum, stjórnnum þeirra og stjórnendum. Sama gildir um aðra aðila sem hagsmuna eiga að gæta, bæði í stjórnkerfinu sjálfu og á Alþingi sem og hagsmunaaðila í atvinnulífinu. Það, að eigandastefna ríkisins sé þekkt, er til þess fallið að auka á festu og trausti gagnvart fjármálakerfinu og þeim félögum sem undir stefnuna falla.

1 Markmið ríkisins um eignarhald í fjármálafyrirtækjum

Mikilvægt er að markmið eigandastefnu ríkisins séu þekkt, skýr og fyrirsjáanleg. Hér á eftir er að finna meginmarkmið ríkisins, annars vegar sem eiganda eignarhluta í fjármálafyrirtæki og hins vegar um sölu á eignarhlutum og eignarhald á tilteknum félögum til framtíðar. Ríkið stefnir ekki að því að eiga meiri hluta í fjármálafyrirtækjum á almennum markaði til lengri tíma. Því er mikilvægt að umsýsla þessara eignarhluta sé fagleg, traust og á markaðsforsendum, m.a. til að hámarka söluandvirði og arðgreiðslur fyrir skattgreiðendur, enda um verðmætar samfélagsseignir að ræða.

1.1 Markmið ríkisins sem eigandi

a. Að umsýsla eignarhalds og starfsemi fjármálafyrirtækja stuðli að trausti og trúverðugleika fjármálamarkaðar

- Bankasýslan og stjórnarmenn sem og aðrir sem koma að starfsemi fjármálafyrirtækja fyrir hönd ríkisins skulu fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og leitast við að vera í forystu á sviði góðra stjórnarháttar, viðskiptasiðferðis og samfélagslegrar ábyrgðar.
- Gæta skal að jafnræði viðskiptavina sem í þessu samhengi þýðir að þeim sé ekki mismunað og að sambærileg mál fái sambærilega meðferð.
- Við sölu eigna skal leggja áherslu á gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni, sem og að gæta að samkeppnissjónarmiðum.
- Verklagsreglur og aðferðir sem fjármálafyrirtæki setja um starfsemi sína og ákvarðanatöku skulu vera skriflegar, gagnsæjar og öllum aðgengilegar. Verklagsreglur skulu meðal annars snúa að fjárfestingum, lánveitingum, sölu eigna og fullnustu krafna.

b. Að stuðla að samkeppni á fjármálamarkaði

- Meðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum skal miða að því að efla og styrkja samkeppni á fjármálamarkaði, m.a. með því að stuðla að því að öflug og virk samkeppni ríki milli fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins.
- Gætt skal að ákvæðum sáttar fjármála- og efnahagsráðuneytis, Bankasýslu ríkisins, Landsbankans hf. og Íslandsbanka hf. við Samkeppniseftirlitið, sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 9/2016, m.a. um sjálfstæði fjármálafyrirtækja, óhæði stjórnarmanna og verklag varðandi upplýsingagjöf.
- Tryggja skal að fyrir hendi séu ferlar og aðgangshindranir sem komi í veg fyrir að trúnaðarupplýsingar, sem fulltrúar eiganda fá vitneskju um, berist til annarra fjármálafyrirtækja. Skal Bankasýsla ríkisins setja sér verklagsreglur þess efnis og birta á heimasíðu stofnunarinnar.

- Sjálfstætt starfandi valnefnd, sem skipuð er af stjórn Bankasýslu ríkisins lögum samkvæmt, skal sjá um tilnefningar í stjórnir fyrir hönd ríkisins og skal gæta sérstaklega að samkeppnissjónarmiðum.

c. Að hámarka langtímavirði fyrir ríkissjóð að teknu tilliti til áhættu

- Tryggja þarf að þau fjármálafyrirtæki sem ríkið á hluti í skili viðunandi arði til hluthafa að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.
- Arðsemi skal byggjast á varkárnum langtímasjónarmiðum en ekki skammvinnnum ávinningi.
- Starfsemi fjármálafyrirtækja skal byggjast á markvissri stefnu og hagkvæmum rekstri sem skilar ávinningi til viðskiptavina og samfélagsins til lengri tíma.

1.2 Markmið um sölu og eignarhald til framtíðar

a. Að ásættanleg skilyrði séu fyrir hendi áður en eignarhlutur er seldur

- Litið hefur verið á eignarhald ríkisins á hlutum í íslenskum fjármálafyrirtækjum sem tímabundið fyrirkomulag þótt ástæða geti verið til að halda einhverjum þeirra áfram í eigu ríkisins.
- Undir vissum kringumstæðum kann að vera eðlilegt að selja félag að hluta á markaði til að koma af stað virkri verðlagningu, án þess að skapa offramboð hlutabréfa. Markmið slíkrar sölu yrði að ná fram auknu heildarverðmæti til lengri tíma.
- Eignarhlutir ríkisins í fjármálafyrirtækjum verða ekki seldir fyrr en aðstæður á fjármálamarkaði eru hagfelldar og æskilegar, þ.m.t. laga- og regluumhverfi, líklegt að kaupendur séu til staðar og viðkomandi fyrirtæki sé tilbúið til sölu. Við matið skal m.a. horft til eftirfarandi þátta áður en lokaákvörðun um sölu er tekin:
 - að fjármagnsuppbygging og rekstur viðkomandi fjármálafyrirtækis sé í ákjósanlegu jafnvægi,
 - að aðgreining áhættu af mismunandi starfsþáttum sé viðunandi,
 - getu markaðarins til þess að kaupa eignarhlutinn, m.a. út frá framboði hlutabréfa annarra stórra fyrirtækja, ekki síst fjármálafyrirtækja.

b. Að gæta langtímahagsmuna ríkissjóðs að teknu tilliti til áhættu

- Leitast skal við að hámarka langtímavirði eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum að teknu tilliti til arðsemi í rekstri þeirra (þ.m.t. arðsemi eigin fjár og eigna), arðgreiðslna, söluverðs hlutabréfa og annarra þátta sem máli skipta.
- Taka skal mið af því meginmarkmiði ríkisins að greiða niður skuldir ríkissjóðs og skapa þannig aukið rými til að standa undir opinberri þjónustu og fjárfestingum ríkisins í framtíðinni. Reglulegar og viðunandi

arðgreiðslur frá og/ eða sala hlutabréfa í fjármálafyrirtækjum eru lykilatriði til að ná þessu markmiði.

- Meta þarf reglulega stöðu og áhættu ríkisins af eignarhaldi á meiri hluta íslenskra fjármálafyrirtækja, t.d. með tilliti til hættu á fjármálaáfalli.

c. Að stuðla að heilbrigðu eignarhaldi til lengri tíma

- Við sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum skal stuðlað að því að efla og styrkja samkeppni á fjármálamarkaði.
- Þrátt fyrir að stór hluti fjármálakerfisins sé um þessar mundir í eigu íslenska ríkisins er stefnan sú að íslensk fjármálafyrirtæki verði til framtíðar í fjölbreyttu, heilbrigðu og dreifðu eignarhaldi.
- Með dreifðu eignarhaldi er átt við að eigendahópur sé fjölbreyttur og að fjármálafyrirtæki verði skráð á hlutabréfamarkaði.
- Með heilbrigðu eignarhaldi í þessu sambandi er átt við að eigendur sem fara með yfir 10% eignarhlut, eða ráðandi hlut, teljist af þar til bærum eftirlitsaðilum hæfir til að fara með eignarhlutinn. Ekki er ásætlanlegt að hluthafar geti einir sér eða í samstarfi sín í milli beitt sér þannig að það geti skaðað hagsmuni viðkomandi fjármálafyrirtækis eða annarra hluthafa. Þetta er sérstaklega mikilvægt hvað varðar kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki.
- Við skráningu fjármálafyrirtækja á hlutabréfamarkað skal stefnt að því að allar sérreglur laga sem snúa að fyrirtækjum í meirihlutaeigu ríkisins falli úr gildi, jafnvel þótt ríkið eigi áfram meiri hluta í slíku fyrirtæki. Eigandastefna ríkisins gildir hins vegar eftir sem áður um félög í meirihlutaeigu ríkisins, auk þess sem stjórnarmenn tilnefndir af ríkinu skulu taka mið af þeim meginsjónarmiðum sem þar koma fram.
- Í ljósi fyrrgreindra markmiða, sem og til að fá enn dreifðara eignarhald og raunsærra verðmat, gæti verið fýsilegt að skrá hlutabréf fjármálafyrirtækja að hluta eða öllu leyti bæði á Íslandi og erlendis. Sala til erlends fjármálafyrirtækis sem er með dreifðu eignarhaldi getur uppfyllt skilyrði um dreift eignarhald, auk þess sem erlent eignarhald að hluta eða öllu leyti getur stuðlað að virkari og víðtækari samkeppni og skapað færi á að lækka fjármögnunarkostnað til hagsbóta fyrir viðskiptaaðila viðkomandi fjármálafyrirtækis.

1.3 Markmið varðandi einstök félög

Ríkið á eignarhluti í þremur fjármálafyrirtækjum sem eru Landsbankinn hf., Íslandsbanki hf. og Sparisjóður Austurlands hf. Áform ríkisins gagnvart hverju og einu félagi eru eftirfarandi:

a. Landsbankinn hf.

- Stefnt er að því að ríkið eigi verulegan eignarhlut í Landsbankanum til langframa. Markmiðið með eignarhaldinu er að stjórnvöld hafi ráðandi ítök í a.m.k. einni fjármálastofnun sem þjónustar almenning og fyrirtæki

og hefur höfuðstöðvar hér á landi. Þannig tryggja stjórnvöld að almenn, vönduð og traust fjármálaþjónusta standi öllum til boða óháð m.a. búsetu. Markmiðið með eignarhaldinu er ennfremur að stuðla að stöðugleika í fjármálakerfinu, ásamt því að tryggja nauðsynlega og áreiðanlega innviði þess.

- Ekki verður tekin ákvörðun um sölufarli á neinum hlutum ríkisins í Landsbankanum fyrr en eftir að ríkið hefur selt allan eignarhlut sinn í Íslandsbanka.

b. Íslandsbanki hf.

- Ríkissjóður eignaðist öll hlutabréf í Íslandsbanka sem hluta af stöðugleikaframlagi Glitnis við uppgjör slitabúsins.
- Eignarhald ríkisins á Íslandsbanka byggist á lögum nr. 60/2015, um stöðugleikaskatt, og skal því ráðstöfun á arðgreiðslum og söluandvirði bankans samrýmast markmiðum um efnahagslegan og fjármálalegan stöðugleika.
- Stefnt er að því að selja allan eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka þegar hagfelld og æskileg skilyrði eru fyrir hendi.

c. Sparisjóður Austurlands hf.

- Stefnt er að því að selja 49,5% eignarhlut ríkisins við fyrsta hentugleika og þegar það er hagstætt. Það er enda ekki markmið ríkisins að vera eignaraðili að einum sparisjóðanna, heldur fremur að leitast við að tryggja smærri fjármálafyrirtækjum, sem starfað geta á ólíkum grundvelli, hagfelld og eðlileg skilyrði til rekstrar.

2 Skipulag eigandahlutverksins

Fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á meðferð og fyrirsvari eigna, félaga og réttinda í eigu ríkisins og sér um öflun þeirra og ráðstöfun, nema lög eða stjórnvaldsfyrirmæli kveði á um annað.

Í kjölfar fjármálakreppunnar 2008 var ákveðið að sett yrði á laggirnar ríkisstofnun, Bankasýsla ríkisins, sem hefði það meginhlutverk að fara fyrir hönd ríkisins með eignarhald fjármálafyrirtækja sem ríkið yfirtók eða stofnaði vegna hennar. Stofnunin heyrir stjórnarsýslulega undir fjármála- og efnahagsráðherra.

Hér á eftir er nánar fjallað um skipulag eigandahlutverksins sem og verkefni þeirra aðila sem helst koma að meðferð og sölu eignarhluta í fjármálafyrirtækjum.

2.1 Alþingi

Alþingi tekur ár hvert ákvörðun með fjárlögum næsta árs um það hvort veita skuli söluheimild á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum í samræmi við lög. Slík heimild, eða eftir atvikum sérlög um sölu einstakra eignarhluta, er grundvöllur þess að ríkissjóður geti selt hluti í slíkum félögum.

Fjárlaganefnd Alþingis og viðskiptanefnd koma á frumstigi að sölu á eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum því að nefndunum er að lögum ætlað að veita fjármála- og efnahagsráðherra umsögn um greinargerð hans um fyrirhugaða sölumeðferð.

Alþingi hefur almennt eftirlit með því hvernig stjórnvöld sinna eigandahlutverki sínu og getur í því sambandi krafist upplýsinga.

2.2 Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer fyrir hönd ríkisins með eignarráð á hlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum og ber ábyrgð á sölu þeirra, þó að Bankasýsla ríkisins sjái að öðru leyti um meðferð eignarhlutanna.

Ráðuneytið setur fjármálafyrirtækjum í eigu ríkisins sérstaka eigandastefnu og ber ábyrgð á henni. Í eigandastefnunni er mælt fyrir um áherslur sem ríkið leggur til grundvallar við meðferð eignarhluta af hálfu Bankasýslu ríkisins og við rekstur, stjórnun og starfshætti einstakra fjármálafyrirtækja af hálfu stjórnna og stjórnenda þeirra. Í eigandastefnunni er einnig að finna almenna og sértæka stefnumörkun ríkisins um rekstur, framtíðareignarhald og ráðstöfun eignarhluta þessara fyrirtækja.

Þar sem fjármála- og efnahagsráðuneytið fer jafnframt með málefni fjármálamarkaðar og reglusetningu á ýmsum tengdum sviðum ber ráðuneytinu að viðhafa skýra aðgreiningu á milli hlutverks ríkisins sem eiganda fjármálafyrirtækja og annarra hlutverka þess gagnvart fjármálamarkaði, stefnumótun, lagasetningu og eftirliti.

Komi fram tillaga frá Bankasýslunni um sölu eignarhluta í fjármálafyrirtæki og fallist ráðherra á slíka tillögu útbýr hann sérstaka greinargerð um ráðgerða sölumeðferð og leggur fyrir hlutaðeigandi nefndir Alþingis. Í henni koma fram

upplýsingar um helstu markmið með sölu eignarhlutans, hvaða söluaðferð verði beitt og hvernig sölumeðferð verði háttað að öðru leyti.

Nefndunum er samkvæmt lögum veittur hæfilegur frestur til að gera athugasemdir við efni greinargerðarinnar en að frestinum liðnum tekur ráðherra sjálfstæða ákvörðun um það hvort sölumeðferð eignarhlutarins verði hafin. Ráðherra getur gert breytingar á einstökum þáttum í fyrirhugaðri sölumeðferð og m.a. tekið tillit til athugasemda fjárlaganefndar eða efnahags- og viðskiptanefndar við greinargerðina.

Þegar tilboð í eignarhlutann liggja fyrir ásamt rökstuddu mati Bankasýslunnar á þeim tekur ráðherra ákvörðun um hvort samþykkja skuli tilboð eða hafna, auk þess sem hann undirritar kaupsamning.

2.3 Bankasýsla ríkisins

Tilgangi og markmiði stofnunarinnar er lýst í lögum nr. 88/2009, um Bankasýslu ríkisins. Stofnunni er ætlað að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum í samræmi við lög, góða stjórnarsýslu- og viðskiptahætti og eigandastefnu ríkisins á hverjum tíma. Með yfirstjórn Bankasýslunnar fer þriggja manna stjórn skipuð af ráðherra og skulu allar meiri háttar ákvarðanir bornar undir hana. Forstjóri Bankasýslunnar er ráðinn af stjórn og ber ábyrgð gagnvart henni á starfsemi og rekstri stofnunarinnar.

Stofnunin skal leggja áherslu á uppbyggingu öflugs innlends fjármálamarkaðar og að honum verði viðhaldið, stuðla að virkri og eðlilegri samkeppni á þeim markaði og tryggja gagnsæi í allri ákvarðanatöku varðandi þátttöku ríkisins í fjármálastarfsemi og virka upplýsingamiðlun til almennings.

Meginverkefni stofnunarinnar er að sjá um samskipti ríkisins við fjármálafyrirtæki sem ríkið á eignarhluti í og tengjast eigandahlutverki þess. Þau samskipti eiga að meginstefnu til að fara fram í gegnum stjórnir fjármálafyrirtækjanna. Vegna armslengdarsjónarmiða laganna er ekki gert ráð fyrir að þessir aðilar eigi bein samskipti við fjármála- og efnahagsráðuneytið eða ráðherra vegna ákvarðana er snúa að eignarhaldi ríkisins eða rekstri félaganna. Það kemur þó ekki í veg fyrir að fjármálafyrirtæki geti upplýst ráðuneytið eða ráðherra um stefnumarkandi mál.

Bankasýslan fer með atkvæði ríkissjóðs á hluthafafundum félaganna og tilnefningu aðila til setu í stjórn fyrir hönd eiganda. Hún annast eftirfylgni þessarar eigandastefnu gagnvart fjármálafyrirtækjum í eigu ríkisins og fylgist með að farið sé eftir henni svo að markmiðum hennar verði náð. Við slíka eftirfylgni getur Bankasýslan tekið við almennum ábendingum frá viðskiptavinum en fjallar ekki um mál einstakra viðskiptavina fjármálafyrirtækja.

Stofnunin skal fyrir hönd eiganda gera samninga við fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins um sérstök og almenn markmið í rekstri auk þess sem hún fer með tiltekin önnur lögbundin verkefni sem tengjast umsýslu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum.

Bankasýslan gegnir frumkvæðishlutverki við sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum, sbr. lög nr. 155/2012, um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Gert er ráð fyrir því að hún meti aðstæður og undirbúi og vinni tillögu til ráðherra um sölu einstakra fjármálafyrirtækja. Í því sambandi

skal Bankasýsla ríkisins skilgreina verkefni viðkomandi fjármálafyrirtækis og með hvaða hætti upplýsingamiðlun og samvinnu aðila skuli háttáð. Við undirbúning sölu skal sérstaklega hugað að þeim meginreglum um sölumeðferð sem fram koma í 3. gr. laganna.

Ákveði ráðherra, í framhaldi af tillögu Bankasýslunnar, að hefja sölumeðferð á fjármálafyrirtæki eða hluta þess annast stofnunin sölumeðferð eignarhluta fyrir hönd ríkisins í samræmi við ákvörðun ráðherra. Bankasýslan undirbýr sölu, leitar tilboða í eignarhlut, metur tilboð, hefur umsjón með samningaviðræðum við utanaðkomandi ráðgjafa og væntanlega kaupendur og annast samningagerð. Mikilvægt er að utanaðkomandi ráðgjafar uppfylli viðeigandi hæfi-/hæfniskröfur, þ.m.t. haldbæra reynslu af því að leiða sölu- og/eða skráningarferli á eignarhlutum ríkis í sambærilegum fjármálafyrirtækjum í Evrópu.

Bankasýsla ríkisins skal upplýsa ráðherra reglulega um framvindu sölumeðferðar á fjármálafyrirtækjum. Þegar tilboð í eignarhlut liggja fyrir skal Bankasýslan skila ráðherra rökstuddu mati á þeim tilboðum sem berast.

Bankasýsla ríkisins gefur fjármála- og efnahagsráðherra reglulega skýrslu um stöðu fjármálafyrirtækja með hliðsjón af markmiðum og áherslum sem fram koma í lögum og eigandastefnu þessari.

2.4 Valnefnd í stjórnir fjármálafyrirtækja

Stjórn Bankasýslunnar skipar þriggja manna valnefnd sem tilnefnir tvo til þrjá aðila fyrir hvert sæti í stjórn fjármálafyrirtækis sem kosið er um. Stjórn Bankasýslu ríkisins tekur ákvörðun um val einstakra stjórnarmanna á grundvelli tilnefningar valnefndarinnar. Viðmið og hæfisskilyrði valnefndar ásamt starfsreglum sem stjórn Bankasýslu ríkisins setur nefndinni skulu vera í samræmi við verkefnið, opinber og birt á heimasíðu stofnunarinnar.

2.5 Stjórnir og bankaráð

Fjármálafyrirtæki eru rekin á viðskiptalegum forsendum á ábyrgð bankaráða, bankastjórna og stjórnenda eins og önnur félög. Þegar talað er um stjórnir fjármálafyrirtækja í eigandastefnu þessari er átt við hvort sem við á stjórnir eða bankaráð. Hlutverk stjórna fjármálafyrirtækja er að vinna að framgangi fyrirtækjanna í samræmi við lög, reglur, samþykktir og leiðbeinandi tilmæli sem um starfsemina gilda, þ.m.t. samninga um sérstök og almenn markmið í rekstri milli þeirra og Bankasýslu ríkisins.

Þeir sem kjörnir eru í stjórnir fjármálafyrirtækja á grundvelli eignarhluta ríkisins skulu fylgja þeim viðmiðum og markmiðum sem sett eru fram í eigandastefnu þessari. Sama gildir um stjórnendur þeirra fjármálafyrirtækja sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins.

2.6 Seðlabanki Íslands

Við ráðgerða sölu á fjármálafyrirtæki er ráðherra skylt að lögum að leita umsagnar Seðlabanka Íslands um jafnræði bjóðenda, líkleg áhrif sölu á gjaldeyrismarkað, gjaldeyrisvaraforða og laust fé í umferð.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands fer með eftirlit á fjármálamarkaði. Eftirlitið fer fram í samræmi við lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi sem felur m.a. í sér að fylgjast með að starfsemi fjármálafyrirtækja sé í samræmi við þau lög, reglugerðir og reglur sem gilda á hverjum tíma. Meðal hlutverka Fjármálaeftirlitsins er að leggja mat á hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis. Virkur eignarhlutur samkvæmt núgildandi lögum miðast við 10% eða meira af hlutafé/atkvæðisrétti.

3 Meginreglur eigandastefnu

Fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins skal fylgja lögum og reglum sem gilda um starfsemi þess.

Stjórnir félaganna eru, eins og stjórnir annarra félaga, ábyrg fyrir rekstri og starfsemi félagsins.

Í ljósi hins opinbera eignarhalds er mikilvægt að áherslur félags við stjórn og starfsemi þess styðji við og vinni að markmiðum eiganda með eignarhaldinu. Til að svo megi verða þarf aðkoma eiganda að stefnumörkun og markmiðum félagsins að vera skýr og ótvíræð, án þess þó að draga úr hefðbundnum stjórnunarheimildum stjórnar eða skerða ábyrgð stjórnarinnar á rekstri félagsins. Með skýrri stefnu eiganda um málefni félagsins er stjórninni markað skýrt hlutverk og ábyrgð gagnvart eiganda.

Til að ná fram nauðsynlegu jafnvægi milli markmiða eiganda með rekstri félagsins, almennra sjónarmiða stjórnar og stjórnenda um reksturinn og þeirra sérsjónarmiða sem leiða af hinu opinbera eignarhaldi félagsins eru hér settar fram tilteknar meginreglur sem eigandi félagsins hefur tekið ákvörðun um að gæta skuli við rekstur félagsins og verkefna þess. Reglunum er í fyrsta lagi ætlað að marka ramma um meðferð á eignarhaldi félagsins, í öðru lagi að skýra samskiptaleiðir eiganda við félagið, í þriðja lagi að vera stjórnarmönnum og stjórnendum félagsins leiðarljós við störf í þágu þess og í fjórða lagi að markmið og meginreglur eiganda varðandi stjórnun og stjórnarhætti félagsins verði aðgengilegar almenningi.

Meginreglur þær sem hér eru settar fram af eiganda byggjast á sjónarmiðum um góða og árangursríka starfshætti félaga í opinberri eigu. Frekari útfærslu og skýringar á reglunum er að finna í kaflanum um stjórnarhætti, kröfur og árangursviðmið.

Meginreglur eigandastefnu

1. Jafnræðis skal gætt í samskiptum eigenda og milli eiganda og félags.
2. Viðhafa skal skýr ábyrgðarskil og stjórnunarlegan aðskilnað milli eiganda og félags, sem og milli stjórnar og stjórnenda.
3. Viðhafa skal vandaða og opna stjórnarhætti við stjórn félags.
4. Stjórn félags skal vera sjálfstæð í störfum sínum og bera ábyrgð á starfsemi og rekstri félagsins gagnvart eiganda sínum.
5. Félagið skal starfa í samræmi við eigandastefnu og árangursviðmið eiganda.
6. Félagið skal vinna að þeim samfélagslegu markmiðum sem eigandi stefnir að með eignarhaldinu.
7. Stjórn félags skal skipuð hæfum einstaklingum, því sem næst jafnmörgum konum og körlum, með góða menntun og haldgóða reynslu sem hæfir á viðkomandi sviði.
8. Félagið skal setja sér starfskjarastefnu sem er samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi.
9. Félagið skal stefna að því að auka samkeppni og draga úr fákeppni með starfsemi sinni.
10. Félagið skal gæta hlutlægni og jafnræðis við innkaup og ráðstöfun eigna og aðrar fjárhagslegar ráðstafanir.

4 Stjórnarhættir, kröfur og árangursviðmið

Í þessum kafla eru settar fram nánari kröfur og viðmið eiganda til starfseminnar út frá meginreglum eigandastefnunnar. Kröfurnar og viðmiðin ná til eftirfarandi þátta: stjórnar og skipulags, stjórnarháttar, stefnumörkunar og framtíðarsýnar, reksturs félagsins, starfsháttar og vinnulags, upplýsingagjafar og samskipta við eiganda.

4.1 Stjórn og skipulag

- a. Hlutverk stjórnenda og stjórnarmanna er að gæta hagsmuna félagsins í hvívetna og tryggja framgang þessarar eigandastefnu.
- b. Bankasýsla ríkisins kappkostar fyrir hönd eiganda að velja stjórnarmenn með fjölbreytta menntun og víðtæka og haldgóða þekkingu og reynslu af rekstri sem hæfir starfssviði viðkomandi félags svo að í stjórninni verði faglegt og fjölbreytt teymi stjórnarmanna.
- c. Við val á stjórnarmönnum skal hugað að jafnréttissjónarmiðum og þess gætt að störf stjórnarmanna og stjórnenda valdi ekki hagsmunaárekstrum við önnur störf þeirra.
- d. Stjórn félagsins starfar sjálfstætt eftir lögum og reglum um fjármálafyrirtæki og ber ábyrgð á starfsemi og rekstri félagsins gagnvart eiganda.
- e. Stjórn félagsins hefur forystu um að móta stefnu og setja félaginu markmið í samræmi við eigandastefnu þessa.
- f. Stjórn félagsins hefur sjálfstæða aðgæslu- og eftirlitsskyldu vegna reksturs og starfsemi félagsins fyrir hönd eiganda.
- g. Stjórn félagsins skal hafa yfirsýn yfir starfsemina og veita stjórnendum eðlilegt aðhald.
- h. Forstjóri eða bankastjóri er ráðinn af stjórn og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart henni.

4.2 Stjórnarhættir

- a. Mál er varða félagið eru borin upp á hluthafafundum sem er hinn formlegi vettvangur Bankasýslu ríkisins fyrir hönd eiganda að málefnum þess.
- b. Bankasýsla ríkisins framfylgir ákvörðunum sínum fyrir hönd eiganda á hluthafafundum.
- c. Stjórn og starfsfólk Bankasýslu ríkisins tekur hvorki þátt í daglegum rekstri fyrirtækjanna né hefur áhrif á ákvarðanir þeirra utan hefðbundinna samskiptaleiða sem tengjast félagsformi hvers fyrirtækis eða um er samið í samningum milli þeirra og stofnunarinnar sbr. ákvæði 4. gr. laga um Bankasýslu ríkisins.
- d. Félagið skal gæta jafnræðis gagnvart öðrum hluthöfum félagsins.
- e. Viðhafa skal skýr ábyrgðarskil milli Bankasýslu ríkisins fyrir hönd eiganda og stjórnar félagsins og skulu samskipti, upplýsingagjöf og eftirlit byggjast á ákvæðum eigandastefnu þessari og almennt viðurkenndum reglum um starfsemi sjálfstæðra félaga.
- f. Stjórn félagsins skal við störf sín fara eftir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, þ.m.t. leiðbeinandi

tilmælum Fjármálaeftirlitsins um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja, sem og eftir því sem við á, leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrir banka og eftirlit með þeim sem Basel-nefndin um bankaeftirlit gefur út.

- g. Stjórn félagsins skal setja sér skriflegar starfsreglur sem fjalla nánar um hlutverk og störf stjórnar, verkaskiptingu hennar og samskipti við stjórnendur félagsins. Skýr skil þurfa að vera á milli stjórnar og stjórnenda fjármálafyrirtækja og tryggt að skil milli valda og ábyrgðar í stjórnkerfi þeirra sé skýrt.
- h. Stjórn og stjórnendur félagsins skulu starfa eins og kostur er í samræmi við þau viðmið, gildi og viðskiptasiðferði sem almennt má ætla að eigi við um félög í opinberri eigu.
- i. Viðskipti milli eiganda og félags eða milli félagsins og annarra félaga í eigu ríkisins skulu fara fram á gagnsæjan hátt og á markaðsforsendum.
- j. Stærri fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins skulu í samræmi við eigandastefnu þessa koma sér upp nauðsynlegum verkferlum til að fylgja sambærilegum stöðlum, reglum og leiðbeiningum og fyrirtækjum í Kauphöll Íslands er gert að framfylgja.

4.3 Stefnumótun og framtíðarsýn

- a. Stjórn og stjórnendur félagsins skulu hafa skýra framtíðarsýn og markmið varðandi starfsemi félagsins. Auk þeirra markmiða og áherslna sem fram koma í eigandastefnu þessari skal félagið setja sér skýr og metnaðarfull markmið í rekstri.
- b. Félagið skal marka sér upplýsingastefnu sem byggist á þeirri meginreglu að birta opinberlega upplýsingar sem ekki er sérstök þörf á að leynt fari vegna brýnna hagsmuna félagsins eða viðskiptamanna.
- c. Félagið skal marka sér ítarlega stefnu í umhverfismálum, um sjálfbæra þróun og samfélagslega ábyrgð og birta opinberlega.
- d. Stjórn félagsins skal marka félaginu starfsmannastefnu að höfðu samráði við starfsmenn félagsins.
- e. Stjórn félagsins skal marka félaginu starfskjarastefnu sem samþykkja skal á aðalfundi. Gætt skal að jafnréttissjónarmiðum við mótun og innleiðingu hennar.
- f. Félagið skal miðla opinberlega framtíðarsýn sinni, stefnumótun og árangri á vefsíðu sinni eða á annan hátt.

4.4 Rekstur félags

- a. Fjárfestingar og fjárhagsleg áhætta sem tekin er í rekstri félagsins skal miða að því að reksturinn verði fjárhagslega stöðugur til skemmri og lengri tíma litið.
- b. Félagið skal í áætlunum sínum stefna að viðunandi arðsemi í samræmi við áhættu rekstrar og þau markmið sem tiltekin eru í þessari eigandastefnu.
- c. Félagið skal stuðla eins og kostur er að nýjungum og nýbreytni og stöðugri framþróun í starfseminni og viðhalda samkeppnisfærni þess.

4.5 Starfshættir og vinnulag

- a. Gæta skal gagnsæis og jafnræðis við stjórnun og starfsemi félagsins.
- b. Viðhafa skal vandaða og opna stjórnarhætti við rekstur félagsins.

- c. Stjórnendur og starfsfólk skal ráðið til starfa á grundvelli hæfni samkvæmt gagnsæju, hlutlægu og fyrir fram ákveðnu ráðningarferli. Einnig skal gætt að jafnréttissjónarmiðum.
- d. Ákvarðanir sem teknar eru við almennan rekstur félagsins skulu miða eins og kostur er að því að auka samkeppni og draga úr fákeppni í samfélaginu.
- e. Huga skal sérstaklega að verklagi við innkaup félagsins á vörum og þjónustu og gæta jafnframt hagkvæmni, jafnræðis og gagnsæis.
- f. Gæta skal jafnræðis, hlutlægni, hagkvæmni og gagnsæis við sölu eða ráðstöfun á eignum félagsins. Það skal vera meginregla að slíkar eignir séu seldar í opnu sölufarli og ekki frá henni vikið nema ótvíræð rök séu fyrir því. Einnig skal gætt að samkeppnissjónarmiðum. Stjórn skal setja félaginu verklagsreglur um sölu eigna og gera þær opinberar og aðgengilegar.

4.6 Upplýsingagjöf, árangursmælingar og samskipti við fulltrúa eiganda

- a. Bankasýsla ríkisins skal fyrir hönd eiganda gera samninga við fjármálafyrirtæki um sérstök og almenn markmið, sbr. ákvæði 4. gr. laga nr. 88/2009.
- b. Arðgreiðslur fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins eru hluti af tekjum ríkisins. Mikilvægt er að tekið verði mið af því við áætlanagerð fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins og í samningi milli félaganna og Bankasýslu ríkisins varðandi arðgreiðslustefnu félaganna.
- c. Bankasýsla ríkisins skal fyrir hönd eiganda funda reglulega með fulltrúum félagsins þar sem farið er yfir árangur félagsins og hvernig til hafi tekist við að ná fram settum markmiðum í rekstri.
- d. Kynna skal Bankasýslu ríkisins fyrir hönd eiganda fyrirætlanir félagsins um meiri háttar breytingar á starfsemi þess.
- e. Ef sérstök ástæða þykir skal tilkynna um annað sem er á döfinni hjá félaginu og rétt þykir að eigandi sé upplýstur um þótt það kalli ekki á ákvarðanir af hans hálfu.
- f. Félagið skal gæta jafnræðis við upplýsingagjöf til eiganda.
- g. Félagið skal birta fjárhagsupplýsingar í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki og fylgja sambærilegum stöðlum, reglum og leiðbeiningum og fyrirtækjum í Kauphöll Íslands er gert að framfylgja.
- h. Telji stjórn fjármálafyrirtækis eða einstakir stjórnarmenn sig ekki geta farið eftir ákvæðum þessarar eigandastefnu skal Bankasýsla ríkisins upplýst um það án tafar. Það skal einnig gert ef stjórn verður þess áskynja að ekki hefur verið farið eftir stefnu þessari við rekstur félagsins og skal þá jafnframt upplýst hvernig við slíku verði brugðist.

